

Framkvæmdaráðsfundur

24. október 2007

Fundargerð

Framkvæmdaráð SSA

Símafundur Miðvikudag 24. Október 2007 kl. 12.00

Mættir eru . Bj. Hafþór Guðmundsson, Ólafur Ármannsson , Guðmundur R. Gíslason og framkvæmdastjóri (Þ.J.)

1. **Fundur settur.** Formaður setti fund og gengið var til fyrirbyggjandi dagskrár.
2. **Fundargerð stjórnar SSA 20. sept. 2007 og 22. sept 2007**

Fundargerðir yfirfarnar og staðfestar.

3. Frá Landshlutasamtökum.

3/1 Aðalfundur Eyþings Raufarhöfn 5. og 6. okt sl.

Framkvæmdastjóri sem sótti aðalfundinn sagði frá því markverðasta að hans mati sem þar fór fram. Framsögumenn voru 3 héðan að austan Smári Geirsson. Soffía Lárusdóttir og Hafliði Hafliðason.

3/2 Eyþing stjórn 185. fundur 10. sept 2007 Lagt fram til kynningar.

3/3 SASS 406. fundur stjórnar 3. okt.2007 Lagt fram til kynningar .

4. Frá Sambandi íslenskra Sveitarfélaga og jöfnunarsjóði.

4/1 Fjármálaráðstefna sveitarfélaga Nordica hótél Reykjavík 5.-6. nóv.

Formaður mun sækja ráðstefnuna og sitja fundi landshlutasamtakanna og stjórnar Sambands ísl sveitarfélaga sem boðaðir eru í tengslum við ráðstefnuna.

Framkvæmdastjóri verður fjarverandi erlendis í haustfrí.

4/2 Reglur um ráðstöfun 1400 milljóna kr til sveitarfélaga 2007 (02.10.07)

4/3 Ráðstöfun aukaframlags til jöfnunarsjóðs sveitarfélaga (700 millj)

4/4 Tekjujöfnunarframlag 2007

Liðir 4/2-3-4 ræddir saman. 6 sveitarfélög á Austurlandi fá alls rúmar 87.0 milljónir kr. úr 700. millj. kr potti sem nú var í fyrsta skipti veitt úr samkvæmt reglum jöfnunarsjóðs frá 5. okt. sl. Aukaframlagið byggir m.a. á íbúafækkun 2002-2006 og hlutfallslegri þróun útsvarstekna 2001-2006.

Hornafjörður fær hæsta framlagið eða rúmar 43.0 milljónir.(50%)

Eftir er að birta og greiða út síðari hluta aukaframlagsins (700 milljónir) en það verður gert eftir að fjárákölög 2007 hafa verið samþykkt á Alþingi.

5 sveitarfélög á Austurlandi fá tekjujöfnunarframlag alls um 97.0 millj.kr, Hornafjörður fær hæsta framlagið eða rúmar 62.0 millj.kr. (65%).

Úthlutunarreglurnar ræddar og varðandi tekjujöfnunarframlögin kom fram gagnrýni á að sveitarfélög með 300 íbúum – 9.900 eru í sama viðmiðunarflokki . Athygli vekur að 2 sveitarfélög Akureyri og Reykjanesbær eru samtals með 385 milljónir eða rúm 30% af heildar tekjujöfnunarframlögum .

Fram kom (Bj.H.G.) að réttlætismál væri að skoða t.d. efnahagsreikninga sveitarfélaga þegar regluverk er samið til að úthluta eftir. Þær reglur sem jöfnunarsjóðurinn vinnur með nú skilar ekki þeim stuðningi til sveitarfélaga sem búa við veikar grunngerðir og nefnd hafa verið þriðjudeildar sveitarfélögin á landsbyggðinni.

4/4 Bréf jöfnunarsjóðs dags. 21. sept 2007.

Í bréfinu kemur fram að ógreitt bundið framlag til SSA v/ 2006 er alls 381.260. kr.

Framkvæmdaráð SSA samþykkir samhljóða : Að viðbótafjármagn Jöfnunarsjóðs v/2006 til SSA að upphæð 381.260 verði m.a. varið til að mæta kostnaði v/ nýs verkefnis “ Úrvinnsla úrgangs og sorps í landshluatanum ” sem aðalfundur SSA fól stjórn SSA að leiða . (sjá 7/2)

5. Samþykktir frá aðalfundi SSA 2007. (ath áður póstsendar stjórnarmönnum)

5/1 Eftirfylgni framkvæmdastjóra og formanns .

Framkvæmdastjóri og formaður voru í Reykjavík 15.-16. okt sl.til að fylgja eftir helstu áherslum og samþykktum frá aðalfundi. Þar hittu þeir samgönguráðherra, landbúnaðar og sjávarútvegsráðherra og iðnaðaráðherra , einnig hittu þeir allmarga þingmenn í Alþingi . Þeir fóru á fund Þórðar Skúlassonar framkvæmdastjóra Sambands ísl. sveitarfélaga til að fylgja eftir erindi og bréfi Þ.J. til stjórnar S.Í.Sv. (sjá lið 6) Í nóvembermánuði liggur fyrir að hitta menntamála og umhverfisráðherra .

6. Bréf/ greinargerð, Þ.J. f.h. stjórnar SSA , til stjórnar Sambands ísl sveitarfélaga dagsett 10. okt. 2007.

Formaður og framkvæmdastjóri fylgdu bréfinu eftir með því að sitja fund með Þórði Skúlasyni framkvæmdastjóra og Magnúsi Karel Hannessyni í húsnaði Sambandsins að Borgartúni 30 þann 15. okt. sl. Bréfið greindi frá umfjöllun stjórnar SSA og greinargerð úr skýrslu stjórnar til 41.aðalfundar SSA um m.a. gagnrýni á vinnubrögð stjórnar S.Í.Sv, sem m.a birtist í “linkind” við ríkisvaldið og skilningsleysi stjórnvalda í td. tekjustofnamálunum. Fjármálaráðuneytið og embættismenn þar voru sérstaklega til umræðu í þessu sambandi. Lýst var yfir vonbrigðum með viljayfirlýsinguna frá í mars. sl. Kallað er eftir skilvirkari vinnubrögðum og aðkomu ríkisvaldsins að málefnum sveitarfélagann. Stjórnin virkar fjarlæg sveitarstjórnun á landsbyggðinni og virðist andvíg því t.d að flytja einhvern lítinn hluta starfsemi Sambandsins út á land þegar eftir því hefur verið leitað. Nefnd voru dæmi þar um.

Þórður spurði margra spurninga og svaraði að hluta þeirri gagnrýni sem fram kemur í bréfinu. Bréfið verður tekið fyrir á stjórnarfundum sem var 19. okt. sl. .

Þ.J. segir að nú sé “prinsipp – prófmál” í gangi hjá stjórninni, þar sem fyrir liggur tillaga frá vinnuhóp sem Sambandið setti á fót undir forystu Smára Geirssonar sem leggur það til að *flytja þriðjung af starfsemi Innheimtustofnunar sveitarfélaga út á land*. Stjórnarmenn eru hvattir til þess að fylgjast með afgreiðslu stjórnarinnar.

7. Samykktir aðalfundar SSA 2007 til stjórnar SSA.

7/1 Starfsendurhæfing Austurlands .

Undirbúningsnefndin undir stjórn Sverris Albertssonar framkv.stjóra AFLs hefur óskað eftir því að aðildarsveitarfélög SSA komi að undirbúningi og fyrstu skrefum í starfsemi Starfsendurhæfingarinnar með framlagi að upphæð 7.0 millj.kr.

Þ.J hefur með bréfi dags. 22. okt. sl mælt með því að sveitarfélögin mæti óskum undirbúningsnefndarinnar með því að greiða sem svarar kr. 457. pr. íbúa miðað við íbúafjölda 1.des.2006 (Hagstofan) Framlagið verði innheimt í upphafi fjárlagaárs 2008. Ekki verður um frekara rekstrarframlag að ræða frá sveitarfélögunum.

Þ.J segir að fram hefur komið gagnrýni á mikinn hraða hjá undirbúningsnefndinni í verkefninu s.s að búið er að ráða framkvæmdastjóra starfseminnar áður en til stofnfundar kemur og fjármögnun starfseminnar liggur fyrir.

7/2 Úrvinnsla úrgangs og sorps á Austurlandi. Bréf Þ.J. 12.okt.sl.

Þ.J. hefur haldið einn fund með Hafliða Hafliðasyni og Stefáni Stefánssyni ÞFA þar sem farið var yfir hvernig best væri að standa að því að byrja verkefnið. Samþykkt var að fá þrjú stærstu sveitarfélögin (sem öll eru með vinnu í gangi hjá sér) að tilnefna hvert einn fulltrúa í verkefnisstjórn sem hafi það hlutverk að móta verkefnið og leiða. Hafliði og Þ.J starfa með í verkefnisstjórninni. Þ.J hefur skrifað aðildarsveitarfélögunum bréf og tilnefningar eru farnar að berast.

7/3 Hagvöxtur á Austurlandi . Greining sveitarfélaga.Bréf Þ.J.25.sept.sl

Með vísan til samþykktar 41. aðalfundar hefur Þ.J. skrifað Byggðastofnun bréf og óskað eftir að hún í samvinnu við H.Í greini frekar en gert hefur verið sveitarfélögin í landshlutanum. Fyrir liggur að N-vesturland hefur fengið slíka greiningu.

8: Staða jaðarbyggða á Austurlandi:

Sameiginleg ályktun 5 sveitarfélaga á Austurlandi frá 12. okt. sl.

Formaður upplýsti að hann ásamt framkvæmdastjóra hafi hitt Byggðamálaráðherra í Reykjavík 16. okt .sl og flutt honum erindi sveitarfélugganna 5. Ráðherra tók vel í erindið en taldi nauðsynlegt breiðari aðkomu stjórnvalda (fjármála –og félagsmála) að slíkri nefnd. Einnig nefndi hann að í greinargerðinni væru ýmsar áherslur almenns eðlis en nauðsynlegt væri að fá fram hvað heima menn á hverjum staði telji að geti best komið að gagni. Það geti verið breytilegt eftir stöðum.

Hann lofaði að skoða málið frekar í samráði við formann.

9: Viðtöl sveitastjórna við Þingmenn Norð-aust á Austurlandi 25. okt. n.k.

Framkvæmdastjóri hefur skipulagt viðtalstíma sveitarstjórna á Austurlandi í Norausturkjördæmi við þingmenn. Vopnfirðingar hitta þá í dag á Vopnafirði en á morgun verða þeir á Egilsstöðum og í Fjarðabyggð.

10: Bréf og önnur erindi sem hafa borist:

10/1 Félagsmálaráðuneytið dags. 14. sept 2007 .

Tilkynning : Skipan vinnuþingráðs Austurlands .

10/2 Landsskrifstofa Staðardagskrár 21 dags. 25. sept. 2007

Ráðgjöf til sveitarfélaga.

Upplýsingarnar lauslega ræddar.

10/3 Umhverfissráðuneytið dags. 4. okt. 2007.

Tilkynning :Skipan í hreindýraráð.

10/4 Félagsmálaráðuneytið dags, 9. okt. 2007

Svæðisráð um málefni fatlaðra á Austurlandi :

Óskað eftir tilnefningu SSA: 3 aðalmenn og jafnmargir til vara.

Framkvæmdastjóra falið að ganga frá tilnefningum með vísan í umræður á fundinum .

11: Önnur mál.

11/1 *Næsti stjórnarfundur og Aðalfundur Héraðsnefndar Múlasýslna 2007*

Samþykkt að næsti stjórnarfundur verði á Stöðvarfirði mánudaginn 26. nóvember nk.

Að stjórnarfundum loknum verði Aðalfundur Héraðsnefndar Múlasýslan 2007 á sama stað. Framkvæmdastjóra í samráði við formann falið að boða og undirbúa aðalfundinn.

11/2 *Aðalfundur Heilbrigðiseftirlits Austurlands 2007*: Borist hefur tilkynning um Aðalfund HAUST 2007 á Reyðarfirði 7. nóvember nk.

11/3 *Skólar á grænni grein* . Frá Landvernd : Upplýsingar um verkefnið : Þar kemur fram að 8 skólar á Austurlandi eru þátttakendur eða Grænfánaskólar .

11/4 *Fjölmiðlar og SSA*: Ó.Á. vakti máls á að fjölmiðlar sýndu lítinn áhuga á starfsemi SSA . Tók hann aðalfund SSA á Vopnafirði í sept. sl. sem dæmi þar um. Hann segir að stjórnarmenn og form. og framkvæmdastjóri megi vera

duglegri við að koma á framfæri hinum mörgu góðu og brýnu verkefnum sem SSA og sveitarfélögin vinna með.

Fleira ekki tekið fyrir og formaður sleit fundi 13.15.

Sign: Þorvaldur Jóhannsson.